

Svör Lýðræðisvaktarinnar við spurningum Landssambands hestamannafélaga

1. Er þinn flokkur tilbúinn til að lögfesta í vegalögum lögverndun reiðvega sem tryggði öryggi hestamanna og bannaði um leið umferð mótorknúinna ökutækja nema sem um getur í 5. gr. a. 1.mgr. umferðalaga?

Já. Lýðræðisvaktin telur mjög áriðandi að banna alla umferð vélknúinna ökutækja sem skapa stóraukna slysaþættu fyrir bæði hesta og reiðmenn.

2. Árlega skapast miklar gjaldeyrstekjur í kringum íslenska hestinn og hestatengda ferðaþjónustu. Er þinn flokkur tilbúinn að beita sér fyrir auknu fé til reiðvegamála t.d. ½ til 1% af þeim gjaldeyri sem hestamennskan skapar?

Já, enda er það liður í undirstöðu og uppbyggingu innan greinarinnar.

3. Telur þinn flokkur ástæðu til að færa reiðvegi frá umferðarþungum akvegum?

Já, þar sem hægt er að koma því við og í góðri samvinnu við landeigendur. Nálægðin skapar aukna slysaþættu í umferðinni og þá sér í lagi við þjóðvegi landsins.

4. Er þinn flokkur tilbúinn að beita sér fyrir því að hestaíþróttir verði viðurkenndar sem sérstök námsbraut í framhaldsskólakerfinu, þannig að þeir sem ljúka þar námi öðlist réttindi til t.d. tamninga, þjálfunar, kennslu og að taka að sér og leiða hópa í ferðamennsku á hestum ?

Já, hiklaust. Fáar íþróttir bjóða upp á alla kosti hestamenskunnar, sem sameinar heilsurækt, útivist og snertingu við náttúru landsins, sem og nána tengingu við sögu þess og þjóðarinnar. Þetta er mikilvægur þáttur í aukinni menntun á sviði hestamenskunnar og fjölbreyttu vali á námsefni.

5. Er þinn flokkur tilbúinn eftir kosningar til að skoða skattalegt umhverfi hestamenskunnar með það að markmiði að minnka kostnað þeirra sem stunda hestamennsku?

Já, enda er það stefna Lýðræðisvaktarinnar að auðvelda stofnun nýrra fyrirtækja, þá sér í lagi á landsbyggðinni með t.d. skattalækkunum eða/og -ívilnunum.

6. Er þinn flokkur tilbúinn til að beita sér fyrir lagabreytingu þannig að allir þeir sem eiga og rækta íslenska hestinn sitji við sama borð þegar kemur að ákvarðanatöku um hann.

Já. Lögin verða að aðlagast breyttum tímum. Allir eiga að sitja við sama borð!

7. Er þinn flokkur tilbúinn til að skoða frekari uppbyggingu íþróttareiðhúsa um landið.

Já, enda réttlætismál hér á ferð. Öll hestamannafélög landsins eiga að geta notið sömu kjara og réttinda í þessum efnum.

8. Er þinn flokkur tilbúinn til þess eftir kosningar að gera samning við Landsamband hestamannafélaga um þau verkefni sem LH og hestamannafélögin sinna hér á landi og erlendis fyrir íslenska hestinn og þá sem honum una. Á ári hverju taka einstaklingar á vegum LH starf í því mikilvæga sjálfbóðaliðsstarfi sem fram fer innan FEIF, sem eru alþjóðasamtök í kringum íslenska hestinn.

Já, við teljum nauðsynlegt að efla samvinnu milli stjórnvalda og LH, hestamenskunni til framdráttar innanlands sem utan.

9. Er þinn flokkur tilbúinn til að setjast niður eftir kosningar með forsvarsmönnum Landsmóts hestamanna og finna lausn á þeim vanda sem varð til þegar fresta þurfti Landsmóti um eitt ár vegna „Smitandi hósta“ sem herjaði á íslenska hrossastofninn vorið 2010?

Já. Lýðræðisvaktin telur að deila þurfi ábyrgðinni undir svona erfiðum kringumstæðum, eins og þessum, þegar hættulegur sjúkdómur stefndi hestastofninum í hættu. Stofna þurfti sérstakan sjóð til að mæta svona hamförum.